



Norræna  
ráðherranefndin

# Samstarfsáætlun um **umhverfis- og loftslagsmál** 2025–2030

Saman fyrir græna framtíð á  
Norðurlöndum og í heiminum



# Efnisyfirlit

<b>Formáli</b>	3
<b>Inngangur</b>	5
<b>Pólítískar áherslur</b>	7
Markmið 1: Norðurlönd eru í fararbroddi í umskiptum í átt til kolefnishlutleysis og loftslagsþols og vinna að metnaðarfullri uppfyllingu langtímamarkmiða Parísarsamningsins	12
Markmið 2: Norðurlönd hafa snúið við hnignun líffræðilegrar fjölbreytni með því að efla og þróa samstarf við aðila úr atvinnulífinu, borgarasamfélaginu og fræðasamfélaginu	15
Markmið 3: Norrænu löndin hafa minnkað vistspor sitt í gegnum hringrásarhagkerfi og leggja sitt af mörkum til þess að draga úr mengun og hættulegum efnavörum í heiminum og heima fyrir	18
<b>Úttekt á samstarfsáætluninni</b>	22
<b>Um ritið</b>	23

Þetta rit er einnig fánlegt á netinu í vefaðgengilegri útgáfu:  
<https://pub.norden.org/politknord2024-724>

## Formáli



Romina Pourmokhtari, loftslags- og umhverfisráðherra Svíþjóðar og Karen Ellemann, framkvæmdastjóri Norrænu ráðherranefndarinnar.

Á tímum loftslagsbreytinga og geópólítískra áskorana skiptir norræn samvinna máli fyrir sameiginlega velferð og viðnámsþrótt landanna okkar. Með því að standa saman verðum við öruggari og öflugri og með því að skara fram úr getum við stuðlað að þróun umhverfis- og loftslagsmála innan svæðisins sem á heimsvísu.

Samstarfsáætlunin fyrir árin 2025–2030 tekur mið af hinni þríþættu ógn sem Sameinuðu þjóðirnar hafa skilgreint. Í samstarfsáætluninni er lögð áhersla á loftslagsmál, líffræðilega fjölbreytni og mengun sem og hringrásarhagkerfið og þannig er henni ætlað efla norrænt samstarf þar sem norrænt notagildi er fyrir hendi. Norðurlönd skulu áfram vera leiðandi við hin grænu umskipti og samkeppnishæft og félagslega sjálfbært svæði í alþjóðlegu tilliti. Loftslags- og umhverfismál eru alþjóðleg málefni og því eiga Norðurlönd einnig að vera sterk og skýr rödd til að stuðla að árangursríkum lausnum í alþjóðlegum samningaviðræðum um umhverfismál og loftslagsmál.

Í samstarfsáætluninni fyrir 2025–2030 er fjallað um áskoranir en einnig um þau tækifæri sem geta átt þátt í því að leysa úr þeim. Þessar áskoranir eru m.a. þær loftslagsbreytingar sem verða sífellt hraðari, aukin hnignun líffræðilegrar fjölbreytni og neikvæð áhrif á mannfólk og umhverfi af völdum hættulegra efna. Með metnaðarfullri og skilvirkri stefnu á sviði umhverfis- og loftslagsmála og í samvinnu við lykilaðila í atvinnulífinu jafnt sem borgarasamfélaginu eru norrænu löndin í góðri stöðu til að bregðast við þessum áskorunum og stuðla að hringrásarhagkerfinu. Um leið er samstarfinu á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar ætlað að stuðla að hagvexti og auknu samkeppnishæfi. Til að ná því fram verðum við sjálf að vera betri í að vinna saman á milli ólíkra fagsviða innan Norrænu ráðherranefndarinnar. Þannig getum við skapað góð skilyrði til þeirra umbreytinga sem við viljum stuðla að bæði innan Norðurlanda og á heimsvísu.

Með þessari samstarfsáætlun hlökkum við til öflugs samstarfs á sviði umhverfis- og loftslagsmála sem bæði stuðlar að því að við náum þeirri sameiginlegu framtíðarsýn okkar að verða samþættasta og sjálfbærasta svæði heims árið 2030 og því að norrænu löndin verði öflug og djörf rödd í umhverfis- og loftslagsmálum á alþjóðavettvangi.



**Romina Pourmokhtari**  
loftslags- og umhverfisráðherra, Svíþjóð



**Karen Ellemann**  
framkvæmdastjóri Norrænu  
ráðherranefndarinnar



# Inngangur

Samstarfsáætlunin tekur mið af því verkefni Norrænu ráðherranefndarinnar að leggja sitt af mörkum til þess að uppfylla framtíðarsýnina um að Norðurlönd verði sjálfbærasta og samþættasta svæði heims árið 2030. Á öllum fagsviðum Norrænu ráðherranefndarinnar er unnið að hinum þremur stefnumarkandi áherslum til þess að uppfylla framtíðarsýnina, þ.e. grænum, félagslega sjálfbærum og samkeppnishæfum Norðurlöndum. Í þessari samstarfsáætlun hafa markmið umhverfis- og loftslagssviðs verið færð undir *Græn Norðurlönd* en við höfum á meðvitaðan hátt valið að útfæra markmiðin með þeim hætti að þau hafi jafnframt jákvæð áhrif á félagslega sjálfbærni og samkeppnishæfni. Með því að útvíkka nálgun fagsviðanna getum við uppfyllt alla þrjá þætti framtíðarsýnarinnar.

Í samstarfsáætluninni er áhersla lögð á áskoranir og tækifæri sem tengjast því sem Sameinuðu þjóðirnar hafa nefnt þríþætta vá, þ.e. loftslagsvá, hnignun líffræðilegrar fjölbreytni og mengun. Þessar þrjár hnattrænu vár hafa hver áhrif á aðra og tengjast innbyrðis og því verður að taka á þeim sameiginlega á kerfisbundinn hátt. Í samstarfsáætluninni er að finna sjónarmið og lausnir, sem bæði miðast sérstaklega við svið umhverfis- og loftslagsmála og ganga þvert á málefnasvið, með áherslu á jafnt norrænt sem alþjóðlegt notagildi. Áætlunin er byggð á hinu góða samstarfi landanna á sviði umhverfis- og loftslagsmála og undirstrikar metnað okkar til þess að leggja áfram okkar af mörkum til alþjóðlegra ferla.

Samstarfsáætlun þessi er stýrandi skjal í starfsemi ráðherranefndarinnar um umhverfis- og loftslagsmál. Ráðherranefndin um umhverfis- og loftslagsmál samþykkti samstarfsáætlunina þann 6. september 2024 og gildir hún til 31. desember 2030. Hún var unnin af norrænu löndunum og skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar með aðkomu og innleggi frá Norðurlandaráði, borgarasamfélaginu og öðrum viðkomandi aðilum.

”

**Hnattrænu várnar þrjár hafa hver áhrif á aðra og tengjast innbyrðis og því verður að taka á þeim sameiginlega á kerfisbundinn hátt.**

# Framtíðarsýn okkar 2030



## Samkeppnishæf Norðurlönd

Saman ætlum við að efla grænan hagvöxt á Norðurlöndum, byggðan á þekkingu, nýsköpun, hreyfanleika og stafrænni samþættingu.



## Græn Norðurlönd

Saman ætlum við að greiða fyrir grænum umskiptum í samfélögum okkar og vinna að kolefnishlutleysi og sjálfbæru hringrásarhagkerfi og lífhagkerfi.

**Norðurlönd eiga að verða sjálfbærasta og samþættasta svæði heims**



## Félagslega sjálfbær Norðurlönd

Saman ætlum við að efla samfellt svæði án aðgreiningar þar sem jafnrétti ríkir og sem byggist á sameiginlegum gildum og enn öflugri menningarsamskiptum og velferð.

Öll starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar á að stuðla að því að gera að veruleika framtíðarsýn okkar um að Norðurlöndin verði sjálfbærasta og samþættasta svæði heims árið 2030. Samstarfsáætlunin lýsir því hvernig fagsviðið ætlar að vinna með stefnumarkandi áherslurnar þjár.

# Pólítískar áherslur

## Norrænt samstarf á sviði umhverfis- og loftslagsmála

Norðurlönd hafa um langt skeið haft með sér samstarf um umhverfis- og loftslagsmál. Norræn samvinna er í stöðugri þróun og er henni ætlað að styðja við græn umskipti á Norðurlöndum. Aðgerðirnar eiga að vera stefnumiðaðar og miða að því að skapa norrænan virðisauka og notagildi fyrir lönd, fyrirtæki og almenning. Í norrænu notagildi felst að löndin ná oft betri árangri vinni þau saman en ef þau starfa hvert út af fyrir sig. Það getur átt við um samstarf að alþjóðamálum eða sameiginlegt átak til að fást við sérstök norræn viðfangsefni, svo sem áhrif af loftslagsbreytingum eða að finna leiðir til þess að finna að sjálfbærari neyslu á Norðurlöndum til lengri tíma. Auk ráðherrasamstarfs fer umhverfis- og loftslagssamstarfið fram á milli stjórnvalda, í fræðasamfélaginu, atvinnulífinu og borgarasamfélaginu. Fyrir mörgum er tengslanet norrænna kollega bæði mikilvægt og sjálfsagt og skilar beinum árangri. Miklu máli skiptir að samstarfið beinist einnig að því með hvaða hætti tekist er á við loftslags- og umhverfisáskoranir á norrænum jaðarsvæðum og litlum samfélögum. Innan fagsviðsins er einnig að finna dæmi um sjálfstætt samstarf á borð við norræna umhverfismerkið Svaninn, Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið (NEFCO) og umhverfisverðlaun Norðurlandaráðs.

---

## Áskoranir

Norðurlönd samanstanda af miklum land- og hafsvæðum, frá heimskautasvæðum í norðri til hlýrri svæða í suðri. Þar eru að finna skóga, fjöll, eldfjöll, sléttur, landbúnaðarland, eyjar, smásamfélög og bæi og borgir. Hafsvæðin ná yfir Eystrasaltið í suðaustri, Norðursjó, Noregshaf, Norðaustur-Atlantshaf og Grænlandshaf í vestri og Norður-Íshaf í norðri.

Athafnir mannsins hafa neikvæð umhverfisáhrif á vistkerfi á landi og í sjó. Ofauðgun, súrnun sjávar, eiturefni, úrgangur (þ.m.t. plast), ofveiði og ágengar framandi tegundir eru allt alvarleg vandamál. Áhrif loftslagsbreytinganna og bætast við það álag sem þegar er á vistkerfunum. Loftslagsbreytingarnar eru hraðari norðan við heimskautabaug en annars staðar á jörðinni og hefur meðalhitastig á norðurskautssvæðinu hækkað fjórfalt á við það sem gerist á suðlægari slóðum síðustu áratuginna sem hefur í för með sér bráðnun sífrera og minnkandi íshellu.

Geópólítískar aðstæður hafa breyst á Norðurlöndum og í nágrenni þeirra. Ný staða er komin upp í öryggismálum, skautun færirst sífelld í aukana og loftslagsbreytingar eru áskorun fyrir okkur. Það verður því æ þýðingarmeira að leita eftir samstarfi við önnur lönd og efla viðbúnað frá mörgum hliðum. Umhverfis- og loftslagssvið getur meðal annars tekið þátt með því að vernda og byggja upp viðnámsþolin samfélög út frá umhverfis- og loftslagssjónarhorni.

Norrænu löndin standa sig nokkuð vel þegar kemur að hinum 17 heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun<sup>[1]</sup> en standa þó, líkt og margar iðnvæddar þjóðir, enn frammi fyrir áskorunum varðandi loftslagsmál, hnignun líffræðilegrar fjölbreytni, mengun og allt of mikla auðlindanotkun. Áskoranirnar felast meðal annars í því að uppfylla hin metnaðarfullu markmið um kolefnishlutleysi fyrir tímabilið 2035-2050, að innleiða Kunming-Montréal-rammann um líffræðilega fjölbreytni undir samningi Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni (CBD) og hinn nýja ramma um efnavörur ásamt því að draga úr auðlindanotkun. Vistspor norrænu landanna er með þeim stærstu í heiminum og þörf er á því að minnka það mikið, bæði til þess að draga úr ágangi á auðlindir jarðar en einnig til þess að sýna að hægt sé að lifa innan þolmarka jarðarinnar og um leið viðhalda háu velsældarstigi. Helstu og stærstu áskoranirnar á sviði umhverfis- og loftslagsmála hafa því bæði norræna og alþjóðlega hlið með tilliti til ESB og alþjóðasamfélagsins.

Áskoranir norrænu landanna, og þar af leiðandi einnig tækifæri þeirra, koma að miklu leyti heim og saman við það sem Sameinuðu þjóðirnar hafa nefnt „þríþætta vát“, þ.e. áskoranir sem tengjast loftslagsmálum, líffræðilegri fjölbreytni og mengun. Í norrænu samhengi tengjum við mengun meðal annars við hina miklu auðlindanotkun okkar. Meðal annars getur þar verið um að ræða neyslu okkar á vörum sem innihalda plast, skaðlega málma og hættulegar efnavörur.

”

**Norrænu löndin standa, líkt og margar iðnvæddar þjóðir, enn frammi fyrir áskorunum varðandi loftslagsmál, hnignun líffræðilegrar fjölbreytni, mengun og allt of mikla auðlindanotkun.**

---

1. <https://dashboards.sdgindex.org/rankings>

---

## Tækifæri

Á hinn bóginn hafa norrænu löndin jafnframt sérstakar forsendur og tækifæri til þess að leggja sitt af mörkum til lausnar stórra umhverfis- og loftslagsáskorana. Menntunarstig íbúa er hátt og mikill skilningur er á því að þörf sé á grænum umskiptum, einkum hjá yngri kynslóðinni. Umhverfi okkar, bæði náttúru- og menningarlandslag, ýtir undir sameiginlega sjálfsmynd og félagstilfinningu, lífsgæði og heilbrigði. Það er jafnframt undirstaða margra helstu atvinnugreina í norrænu löndunum. Standa þarf vörð um náttúru- og menningarlandslag til þess að það verði eftir sem áður öflugt og hafi einnig jákvæð áhrif á félagslega og efnahagslega sjálfbærni.

Við erum framarlega í stafrænni væðingu og samfélög okkar einkennast af miklum samskiptum. Hér eru framúrskarandi háskólar og þekkingarstofnanir þar sem stundaðar eru rannsóknir og nýsköpun. Þróun gervigreindar og annarrar brautryðjandi notkunar á stafrænni tækni verður sífellt hraðari. Við eigum okkur hefð um að stefnumörkun ráðist af þekkingu og höfum reynslu af því að afla í sameiningu þekkingar sem gagnast í alþjóðlegum ferlum. Þá eru ákvarðanaferlar hér tiltölulega gagnsæir, stuttir og hnökralausir og við höfum grænar hugveitur og ekki síst fjölda alþjóðlegra fyrirtækja sem eru í fararbroddi í grænu umskiptunum.

”

Standa þarf vörð um náttúru- og menningarlandslag til þess að það verði eftir sem áður öflugt og hafi einnig jákvæð áhrif á félagslega og efnahagslega sjálfbærni.

---

## Áherslur í samstarfsáætluninni

Áskoranir á sviði loftslagsmála, líffræðilegrar fjölbreytni og mengunar hafa áhrif hver á aðra og eru innbyrðis tengdar. Þess vegna er sjónum í samstarfsáætluninni einnig beint að samlegðaráhrifum og þverlægum sjónarhornum þegar leitað er lausna á sviði umhverfis- og loftslagsmála. Bæði á þetta við um þessi þrjú svið en einnig í tengslum við önnur fagsvið innan samstarfs Norrænu ráðherranefndarinnar. Til þess að nauðsynleg umskipti geti átt sér stað þurfa áherslur allra fagsviða og ólíkra hluta samfélagsins að vera í takt. Gera þarf tengsl umhverfislegrar, félagslegrar og efnahagslegrar sjálfbærni enn sýnilegri. Með því að vera í fararbroddi og setja okkur háleit markmið í umhverfis- og loftslagsmálum eflum við samkeppnishæfni okkar og sköpum ný græn störf.

Alþjóðleg og landsbundin stjórnþæki á borð við skatta, fjárstuðning, umhverfislöggjöf og stuðning við rannsóknir og nýsköpun gegna lykilhlutverki þegar kemur að lausn flókinnar samfélagslegra úrlausnarefna og því að ná settum markmiðum í umhverfismálum. Séu stjórnþæki útfærð með réttum hætti hafa þau áhrif á hegðun einstaklinga og fyrirtækja og skapa hvata fyrir þau til þess að breyta venjum sínum svo þau hafi minni umhverfisáhrif. Slíkar breytingar geta verið kostnaðarsamar fyrir suma og mikilvægt er að einnig séu útfærð stjórnþæki til þess að skipta gæðum samfélagsins og bæta þeim það upp sem verr koma út úr umskiptum yfir í grænna hagkerfi. Með lausnum sem eru kostnaðarhagkvæmar, stuðla að aukinni samkeppnishæfni, eru markaðslegar og um leið sveigjanlegar með tilliti til leiða til þess að ná markmiðum, er hægt að ná aukinni sátt um breytingar. Jafnframt eiga norrænu löndin áfram að færa sér í nyt samstarf og upplýsingamiðlun í tengslum við mál sem varða stefnuinnleiðingu og val á stjórnþækjum.

”

**Með því að vera í fararbroddi og setja okkur háleit markmið í umhverfis- og loftslagsmálum eflum við samkeppnishæfni okkar og sköpum ný græn störf.**

Mikilvægur útgangspunktur samstarfsáætlunarinnar er að efla samskipti á milli stjórnmalanna og atvinnulífsins, borgarasamfélagsins og fræðasamfélagsins. Í því felst einnig að tengja staðbundna, landsbundna, svæðisbundna og alþjóðlega aðila og sjónarmið inn í vinnuna. Ef við eigum að leysa þau flóknu úrlausnarefni sem við stöndum frammi fyrir þurfa allir samfélagshópar að geta haft áhrif. Frumbyggjar, sjónarhorn barna og ungmenna og jafnrétti eru þættir sem skipta miklu máli fyrir norrænt samstarfi um umhverfis- og loftslagsmál. Að auki er mikilvægt að taka tillit til

sérstöðu norrænna samfélaga, til dæmis með samvinnu um auðlindastýringu og miðlun á reynslu á milli smárra samfélaga á Norðurlöndum. Norræn smásamfélög búa oft við sérstök skilyrði og áskoranir samanborið við norrænu löndin almennt. Taka ber tillit til þessa í norrænu samstarfi og vinnunni að því að uppfylla markmiðin.

Ræða þarf, útfæra og kynna hvernig gott líf, þar sem ekki er gengið á þolmörk jarðarinnar, getur litið út. Skilgreining okkar á háu velsældarstigi þarf að breytast og mun að öllum líkindum gera það. Umhverfis- og loftslagssvið þarf að bæta sig í því að kynna hvernig velsæld getur falist í aðgengi að lifandi náttúru, hreinu hafi, hreinu lofti, samfélagi sem laust er við skaðlegar efnavörur og mengun, trausti á milli fólks og öryggi þegar kemur að áhrifum breytts loftslags.

Þá á samstarfið eftir sem áður að einkennast af miklum metnaði og forystu, ekki síst í tengslum við Evrópusambandið og annars staðar á alþjóðlegum vettvangi. Um leið þurfum við að sýna hvernig við getum staðið við alþjóðlegar skuldbindingar okkar svæðisbundið og staðbundið. Mikið norrænt notagildi á að vera í því sem löndin sjálf og aðrir aðilar gera og í þeim norrænu samstarfsnetum og hæfni sem þegar er til staðar eða hægt er að byggja upp.

Á grundvelli þessa hefur Norræna ráðherranefndin um umhverfis- og loftslagsmál ákveðið markmið og undirmarkmið tímabilsins 2025–2030. Hinar pólitísku áherslur er byggðar á framangreindri greiningu ásamt mati á því hvernig sem mestu norrænu notagildi verði náð, til dæmis með samstarfi á svæðinu, innan Evrópusambandsins og alþjóðlega.

”

**Mikilvægur útgangspunktur samstarfsáætlunarinnar er að efla samskipti á milli stjórnmalanna og atvinnulífsins, borgarasamfélagsins og fræðasamfélagsins.**

---

## Markmið og undirmarkmið

Umhverfis- og loftslagssvið hefur unnið markvisst að því að fella hinar þrjár stoðir sjálfbærni inn í þessa samstarfsáætlun. Aðal- og undirmarkmið okkar eru útfærð þannig að þau stuðli ekki aðeins að grænum Norðurlöndum heldur einnig að samkeppnishæfum og félagslega sjálfbærum Norðurlöndum.



## Markmið 1: Norðurlönd eru í fararbroddi í umskiptum í átt til kolefnishlutleysis og loftslagsþols og vinna að metnaðarfullri uppfyllingu langtímamarkmiða Parísarsamningsins



Norðurlönd eru og verða áfram í fararbroddi í loftslagsumskiptunum. Allir aðilar samfélagsins eiga að leggja sitt af mörkum og hafa tækifæri til þess að taka þátt í umskiptunum og enginn á að vera út undan. Norðurlönd ætla að sýna að hægt sé að lifa innan þolmarka jarðarinnar og um leið halda uppi háu velsældarstigi. Við beitum okkur fyrir því að þróa og nýta betur samlegðaráhrif í vinnunni að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, vernda líffræðilega fjölbreytni og draga úr mengun. Við vekjum athygli á mikilvægum norrænum atvinnugreinum og horfum jafnt til áskorana sem tækifæra. Með norrænu samstarfi aukum við möguleikana á því að hafa áhrif á og flýta fyrir vinnunni að kolefnishlutleysi, loftslagsþoli og hreinu lofti innan ESB og hnattrænt um leið og við færum okkur í nyt góða reynslu umheimsins. Norrænu löndin geta lagt sitt af mörkum með traustum vísindalegum grunni á sviði loftgæða og loftslagsmála og hafa því einstakt tækifæri til þess að hafa áhrif á gang mála á alþjóðavísu.



**Undirmarkmið 1.1: Við  
beitum okkur fyrir  
auknum alþjóðlegum  
metnaði á sviði  
loftgæða og  
loftslagsmála og  
styðjum við vinnu  
annarra landa á  
sviðinu.**

Við þróun og framkvæmd umhverfis- og loftslagsstarfs Evrópusambandsins og Sameinuðu þjóðanna mun norrænt samstarf koma að borðinu með mikinn metnað. Markmiðið felur í sér samstarf um nýja þekkingu, stefnumótun og uppfyllingu markmiði og ákvæða. Líkt og við á um önnur lönd sem iðnvæddust snemma hvílir sú ábyrgð á norrænu löndunum að leggja sitt af mörkum til loftslagsvinnu annarra landa og stuðla að réttlátum umskiptum. Þetta er hægt að gera með því að leggja fram lausnir sem sýna að hægt sé að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda en viðhalda um leið háu velsældarstigi ásamt því að leggja til þekkingu og hæfni í viðræðum og við fleiri tækifæri. Við ætlum að nýta okkur og vekja athygli á samlegðaráhrifum á sviði loftgæða og loftslagsmála. Jafnframt ætlum við að virða þær ólíku aðstæður sem jarðarbúar lifa við ásamt því að nýta okkur þekkingu og lausnir frá öðrum heimshlutum.

**Undirmarkmið 1.2: Við  
greiðum fyrir  
orkuskiptum í  
samgöngum með virku  
samstarfi á landi, sjó  
og í lofti.**

Umskipti yfir í alveg jarðefnaeldsneytislausar samgöngur munu krefjast margs konar aðgerða og breyttrar hegðunar. Við þurfum að halda áfram að þróa tækni og auðvelda íbúum og fyrirtækjum á Norðurlöndum að velja sjálfbæra samgöngumáta. Norrænu löndin munu meðal annars eiga samstarf á sviði flugsamgangna og siglinga, þungaflutninga á landi, sem og innviða vegna sjálfbærra orkugjafa og orkuskipta bílaflotans. Norrænu löndin munu skiptast á upplýsingum og vinna saman að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá siglingum og flugumferð á heimsvísu. Græn og sjálfbær umskipti í samgöngugeiranum eru markmiðið til þess að draga úr losun, loftmengun og hávaða.

**Undirmarkmið 1.3: Við  
eflum samstarfið  
innan losunarfrekra  
greina til þess að ýta  
undir ummyndandi og  
sjálfbærar lausnir.**

Þörf er á grænum umskiptum í losunarfekum greinum. Losun koldíoxíðs og metans hefur bæði áhrif á loftslagið og loftgæði. Losun ammóníaks og köfnunarefnis getur valdið skaða á bæði heilsu manna og náttúrunni. Norrænt samstarf mun styðja við umskipti í nokkrum lykilgreinum, svo sem orkuiðnaði, iðnaði, matvælaframleiðslu, landbúnaði og skógrækt, fiskveiðum, byggingariðnaði og borgarþróun. Norðurlönd standa frammi fyrir miklum áskorunum en

jafnframt tækifærum þar sem við þurfum að auka framleiðslu á orku án jarðefnaeldsneytis svo um munar til þess að mæta þörfum framtíðarinnar. Við ætlum að styðja við nýja tækni og uppbyggingu innviða til þess að fanga, nota og binda koldíoxíð (CCUS). Einnig skal styðja við lausnir sem byggjast á náttúrulegri upptöku. Ein leið til þess að ná neikvæðri losun koldíoxíðs felst í skiljun og bindingu koldíoxíðs af lífrænum uppruna (BECCS). Jafnframt ber að vinna, nota og endurvinna með ábyrgum hætti hráefni í formi málma og steinefna sem þörf er á vegna hinna grænu umskipta. Við munum vinna að því að skapa rétt skilyrði til þróunar fyrir norrænar lausnir, samstarfsnet, fyrirtæki og þekkingarstofnanir, svo sem með skýrari regluverki og skýrslugjöf.

#### **Undirmarkmið 1.4: Við eflum loftslagsþol okkar sem hluta af viðnámsþrótti samfélaga okkar.**

Veðuröfgar sem leitt geta til flóða, þurrka og öflugra óveðra verðar sífellt algengari, líka á Norðurlöndum. Afleiðingar hækkandi hitastigs eru meðal annars þiðnun sífrera og minnkun ísbreiðunnar. Að auki má teljast líklegt að áhrif loftslagsbreytinga í öðrum heimshlutum hafi áhrif á samfélög okkar. Áhrif af því tagi sem teygja sig yfir landamæri eru til dæmis fólksflutningar og áhrif á viðskipti og afhendingarkeðjur, fjármálakerfi og innviði. Norrænt samstarf mun styðja við stefnumörkun og aðgerðir í þágu loftslagsaðlögunar í samræmi við önnur samfélagsleg markmið og með tilliti til heildarviðnámsþols samfélagsins. Við ætlum að þróa og miðla þekkingu um aðferðir og verklag sem getur bætt og aukið skilvirkni í vinnunni að ýmsum þáttum loftslagsaðlögunar, til að mynda loftslagshættu sem teygir sig yfir landamæri og traust kerfi til eftirfylgni. Að auki ætlar norrænt samstarf á sviði umhverfis- og loftslagsmála að vekja athygli á úrlausnarefnum og styðja við lausnir sem samþætta loftslagsmál, líffræðilega fjölbreytni og mengun. Það getur einnig falist í því að afla þekkingar og greina hvernig útfæra beri vatnsframboð og aðra nauðsynlega samfélagsþjónustu svo hún verði eins öflug og hægt er. Landsbundið, svæðisbundið og staðbundið samstarf gegnir lykilhlutverki og ber að styðja við það.

## Markmið 2: Norðurlönd hafa snúið við hnignun líffræðilegrar fjölbreytni með því að efla og þróa samstarf við aðila úr atvinnulífinu, borgarasamfélaginu og fræðasamfélaginu



Íbúar Norðurlanda hafa mikið og gott aðgengi að náttúrunni og einstakt viðhorf til útivistar og menningarlandslags. Til þess að vernda líffræðilega fjölbreytni jafnt á Norðurlöndum sem í heiminum þarf að setja aukinn kraft í vinnuna og málið í meiri forgang. Allir aðilar, svo sem lönd, íbúar, frumbyggjar, fræðasamfélagið og fyrirtæki, þurfa að vinna saman til þess að finna og þróa lausnir sem snúa hnignun líffræðilegrar fjölbreytni við.

**Undirmarkmið 2.1: Við leggjum okkar af mörkum til metnaðarfullrar framkvæmdar Kunming-Montréal-samningsins og styðjum við þróun vinnu annarra landa, meðal annars með því að sýna hvernig unnt er að vernda líffræðilega fjölbreytni í samspili við félagslega og efnahagslega þróun.**

Í gegnum norrænt samstarf aukast möguleikar okkar á því að hafa áhrif á og hraða vinnunni við að snúa við hnignun líffræðilegrar fjölbreytni innan ESB og á heimsvísu. Við ætlum meðal annars að vinna að því að ná upp þróttmiklum vistkerfum og kynna hvernig hægt er að gera það í samspili við félagslega og efnahagslega þróun. Sérstök áhersla verður lögð á verndun vistkerfa, endurreisn náttúrugrða og að berjast gegn ágengum tegundum.

**Undirmarkmið 2.2: Við eflum aðgerðir til þess að vernda, stýra og nýta hafsvæði Norðurlanda með umhverfislega, líffræðilega og efnahagslega sjálfbærum hætti.**

Norðurlönd munu halda áfram að þróa samstarfið í tengslum við hafið. Á meðal mikilvægra mála þar sem þörf er á norrænu samstarfi eru alþjóðlegar viðræður og ferlar, varðveisla og endurheimt á náttúru hafsins við breyttar aðstæður í hafinu, þróun þekkingar, umhverfis- og loftslagseftirlit, sjálfbært blátt hagkerfi og vistkerfismiðuð skipulagning og stýring. Ofauðgun, súrnun sjávar, eiturefni, úrgangur (þar á meðal plast), breytingar á hitastigi og ágengar framandi tegundir eru áskoranir þar sem samstarf og skipti á upplýsingum eru grundvallarforsenda jákvæðrar þróunar. Sjálfbærar fiskveiðar eru ekki aðeins forsenda þess að viðhalda fjölbreytni vistkerfisins heldur einnig fyrir tækifærum komandi kynslóða til þess að nýta fiskistofnana.

**Undirmarkmið 2.3: Við verndum og þróum norrænt náttúru- og menningarlandslag með sjálfbærri landnotkun, vistkerfismiðuðu byggðaskipulagi og samvinnu við atvinnulífið, borgarasamfélagið og fræðasamfélagið.**

Mikilvægi líffræðilegrar fjölbreytni kemur æ betur í ljós á Norðurlöndum og heiminum öllum, á sama tíma og hnignun hennar eykst. Náttúra, menningarlandslag og útvíst stuðla að félagslegri sjálfbærni og lífsgæðum. Við þurfum að vinna áfram með það hvernig við nálgumst skipulag, hvernig við notum land okkar og vatn og hvernig við varðveitum og þróum hið einstaka menningarlandslag okkar. Til þess að þetta takist ætlum við að þróa áfram samstarfið við atvinnulífið, fjármálageirann, borgarasamfélagið, samfélög frumbyggja, fræðasamfélagið auk norrænna sveitarfélaga og svæða.

**Undirmarkmið 2.4: Við styðjum náttúrumiðaðar og aðrar nýskapandi lausnir til þess að mæta áskorunum í tengslum við líffræðilega fjölbreytni, loftslagsmál og mengun.**

Áskoranir þær sem heimurinn stendur frammi fyrir í tengslum við loftslagsmál, líffræðilega fjölbreytni og mengun tengjast innbyrðis og því ber að nálgast þær sameiginlega. Norrænt samstarf hefur lagt sitt af mörkum til aukinnar þekkingar á og reynslu af þeim tækifærum sem felast í því að nota náttúrumiðaðar lausnir. Við munum áfram styðja við og efla náttúrumiðaðar og aðrar nýskapandi lausnir í tengslum við þessar áskoranir. Jafnframt munum við nýta þekkingu og reynslu í reynd.

### Markmið 3: Norrænu löndin hafa minnkað vistspor sitt í gegnum hringrásarhagkerfi og leggja sitt af mörkum til þess að draga úr mengun og hættulegum efnavörum í heiminum og heima fyrir



Norrænu löndin lifa enn ekki innan þolmarka jarðarinnar og þurfa að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum með skilvirkri og hringrásarmiðaðri auðlindanotkun. Almennt séð eru norræn fyrirtæki mjög samkeppnishæf innan Evrópusambandsins og á heimsvísu, meðal annars vegna þess að hér eru miklar umhverfislegar kröfur gerðar, fyrirtæki eru virk og almenningur meðvitaður. Mikilvægt er að Norðurlönd vinni áfram að því að efla metnað atvinnulífsins í tengslum við umhverfis- og loftslagsmál. Þannig styrkjum við bæði samkeppnishæfni, velferð og umhverfið. Við munum áfram róa saman í átt til hringrásarhagkerfis með því að koma í veg fyrir notkun hættulegra efna, leggja til aðgerðir sem minnka úrgang, hafa áhrif á vörustefnu og taka þátt í þróun nýrra fjármögnunarlausna og viðskiptalíkana sem byggjast á hringrásarhugsun.



Valfrjáls tæki á borð við vottaðar umhverfismerkingar skipta miklu máli og geta vísað veginn fyrir neytendur og fyrirtæki sem vilja vera í fararbroddi. Í norræna umhverfismerkinu Svaninum eiga Norðurlönd öflugt, þekkt og rótgróið tæki sem stuðlað getur að því að flýta fyrir umskiptunum.

Við munum vinna áfram saman og byggja á því sem við höfum þegar gert til þess að draga úr skaðlegum áhrifum af efnavörum og mengun fyrir fólk og umhverfi. Við munum vinna með almenningi og fyrirtækjum í tengslum við breytta hegðun, löggjöf, staðla, eftirlit, þekkingu, nýsköpun og fræðslu. Það verður eftir sem áður forgangsmál í norrænu samstarfi að berjast gegn plastmengun jafnt heima fyrir, á Norðurlöndum og á heimsvísu.

Umhverfisglæpir, til dæmis ólögleg meðhöndlun úrgangs, er svið þar sem líklegt er efla þurfi samstarfið í framtíðinni.

**Undirmarkmið 3.1: Í viðræðum komum við að samningaborðinu með mikinn metnað og hrindum markvisst í framkvæmd alþjóðlegum samningum, m.a. í tengslum við efnavörur, úrgang, mengun og plast.**

Í alþjóðlegum ferlum á norrænt samstarf að vera leiðandi afl. Við munum halda áfram á þeirri braut sem vörðuð hefur verið, t.d. varðandi alþjóðlega ramma um efnavörur og úrgang í hafinu og viðræður um alþjóðasamning um plastmengun. Samstarfið mun áfram stuðla markvisst að þróun og framkvæmd ESB-verkefna, til að mynda varðandi vörulöggjöf og aðgerðir til að draga úr úrgangi. Vekja ber athygli á samstarfi okkar í tengslum við mengun og auðlindanýtni til þess að það nýtist við framkvæmd alþjóðlegra samninga og ferla.

**Undirmarkmið 3.2: Við styðjum við hringrásarlausnir sem fá fyrirtæki til þess að hanna og framleiða með auðlindanýtni að leiðarljósi og almenning til þess að neyta með sjálfbærum hætti.**

Hringrásarhagkerfi stuðlar að því að takmarka nýtingu náttúruauðlinda og hefur þannig jákvæð áhrif á náttúruna. Umskiptin yfir í hringrásarhagkerfi fela í sér breytingar þegar kemur að hönnun, framleiðslu, vali á framleiðsluaðferðum og neyslumynstri. Það krefst jafnframt hvata sem ýta undir viðskiptalíkön sem stuðla til dæmis að langri endingu, endurnýtingu og endurvinnslu og skilvirkri fræðslu og upplýsingagjöf. Draga verður úr efnahagslegum og reglugerðartengdum hindrunum til þess að viðskiptalíkön sem byggjast á hringrásarhugsun geti keppt við hefðbundin línuleg viðskiptalíkön á jafnréttisgrundvelli.

Norrænt samstarf mun styðja við þróun nýskapandi lausna og samstarfs sem teygir sig yfir landamæri þar sem samnorrænn markaður getur til dæmis gert endurnýtingu og endurvinnslu kleifa, ekki síst í byggingariðnaði. Mikilvæg stjórnæki eru meðal annars opinber innkaup, umhverfismerkingar, efnahagslegir hvatar, fræðsla, vishönnun og framleiðendaábyrgð. Úrgangur frá byggingariðnaði og niðurrifi, plast, vefnaðarvara, sjaldgæf hráefni og hættulegur úrgangur eru þættir sem njóta sérstaks forgangs.

**Undirmarkmið 3.3: Við drögum úr þeirri hættu sem fólki og umhverfi stafar af efnavörum með því að fasa út hættuleg efni, afla nýrrar þekkingar og upplýsa mikilvæga markhópa.**

Forsenda hringrásarhagkerfis eru eiturefnalausar hringrásir. Á Norðurlöndum er löng hefð fyrir árangursríku samstarfi á sviði efnavara. Norrænt samstarf mun því halda áfram vinnunni að því að koma í veg fyrir að vörur innihaldi hættuleg efni og tryggja að skaðleg efni komi ekki fyrir í hringrásarhagkerfinu. Við munum styðja við framleiðslu á afurðum og vörum sem hannaðar eru með þeim hætti að þær séu öruggar og sjálfbærar. Við munum halda samstarfinu áfram og þróa það frekar, meðal annars með því að leggja áherslu á að draga úr notkun hættulegra efna, vinna saman að framfylgd ESB-löggjafar, eftirliti og hættumati ásamt því að miðla reynslu af aðferðum og gögnum frá eftirliti, meðal annars í tengslum við heilsu manna. Einnig verður sjónum norræns samstarfs beint að málum sem varða efni og efnavöru sem lúta allri löggjöf sem við á, svo sem efnavörulöggjöf en einnig löggjöf í tengslum við loft- og vatnsgæði, efni í matvöru og sýklalyfjaónæmi.



**Undirmerkið 3.4: Við tókum þátt í því að sýna hvernig íbúar á Norðurlöndum geta lifað umhverfislega, félagslega og efnahagslega sjálfbæru lífi innan þolmarka jarðarinnar.**

Íbúar á Norðurlöndum vilja leggja sitt af mörkum til sjálfbærrar þróunar. Umhverfis- og loftslagssvið mun halda á lofti og kynna verðmæti á borð við aðgengi að þróttmiklu náttúru- og menningarlandslagi, hreint haf, samfélag sem laust er við hættuleg efni og mengun og öryggi þrátt fyrir áhrif loftslagsbreytinga. Um leið munum við sýna hvernig sérhver einstaklingur og fyrirtæki geta tekið sjálfbærar ákvarðanir með hagsmuni loftslagsins og umhverfisins að leiðarljósi.

## Úttekt á samstarfsáætluninni

Samstarfsáætlunin gildir fyrir tímabilið 2025–2030 en er skipt niður í þriggja ára starfsáætlanir fyrir tímabilin 2025–2027 og 2028–2030.

Á miðju tímabilinu verður gerð úttekt og á grundvelli hennar kann ráðherranefndin að gera breytingar á samstarfsáætluninni ásamt því að fá tillögur að því hvernig rétt sé að útfæra starfsáætlun fyrir seinni hluta tímabilsins.

Auk þess verða gerðar milliúttektir eftir því sem framkvæmdastjóri og ráðherranefndin telja þörf á.

# Um ritið

## Samstarfsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar um umhverfis- og loftslagsmál 2025–2030

PolitikNord 2024:724

ISBN 978-92-893-7921-2 (PDF)

ISBN 978-92-893-7922-9 (ONLINE)

<http://dx.doi.org/10.6027/politiknord2024-724>

© Norræna ráðherranefndin 2024

Mynd á forsiðu: Knud Andersen

Myndir: Roar Paaske / Visit Denmark, Carl-Johan Utsi / Image Bank Sweden, Curated Lifestyle / Unsplash, Umhverfismerkið Svanurinn

Útgefið: Október 2024



**Norræna ráðherranefndin**

Nordens Hus, Ved Stranden 18, DK-1061 Kaupmannahöfn, [www.norden.org](http://www.norden.org)

Lesið fleiri norræn rit: [www.norden.org/is/utgafur](http://www.norden.org/is/utgafur)